

Til fjárlaganefndar Alþingis

Vísað er til erindis frá fjárlaganend Alþingis frá 26. apríl 2017 þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, 402. mál.

Umsögn ríkislögreglustjóra einskorðast við þann þátt fjármálaáætlunar sem snýr að lögreglu en undir það falla embætti ríkislögreglustjóra og níu lögreglustjóraembætti. Umsögnin tekur ekki til ákærvaldsins, þ. á m. héraðsaksóknara, Landhelgisgæslunnar eða annarra þátta sem falla undir málefnaviðið Almanna- og réttaröryggi.

Við skoðun á tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 verður ekki séð að fjárveitingar til lögreglu aukist umfram það sem hún hefur þegar fengið í fjárlögum 2017. Eingöngu sé um það að ræða að tímabundin 400 m.kr. fjárveiting ársins 2017 verður gerð varanleg.

Innanríkisráðherra lagði fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013 *áfangaskýrslu innanríkisráðherra um störf nefndar um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar*. Nefndin var skipuð á grundvelli þingsályktunar um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland sem samþykkt var á Alþingi 19. júlí 2012. Nefndinni var ætlað eftirfarandi hlutverk:

1. Að skilgreina öryggisstig á Íslandi með því að leggja ítarlegt mat á þær hættur og ógnir sem steðja að íslensku samfélagi og hvað megi teljast eðlilegt öryggi fyrir þá sem búa á Íslandi, starfa hér eða heimsækja landið.
2. Að skilgreina þjónustustig lögreglu með því að verkefni lögreglu verði skilgreind ítarlega, þ.e. hvaða verkefnum lögregla á eða á ekki að sinna, og að fjárveitingar verði tryggðar til lögreglu til að gera henni kleift að sinna lögbundnum verkefnum.
3. Að skilgreina mannaflapörf lögreglu og horfa við það til þeirra skilgreininga sem koma út úr vinnu við skilgreiningu á öryggisstigi og þjónustustigi lögreglu.
4. Að skilgreina þörf lögreglunnar fyrir fjármagn miðað við eðli og umfang.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 er sérstaklega fjallað um ofangreinda liði 1. og 2., en hins vegar er ekki að finna skilgreiningu á mannafla- eða fjárþörf lögreglu. Í niðurstöðu áður nefndrar áfangaskýrslu til Alþingis er sérstaklega litið til mannaflaparfar og niðurstaðan var að lögreglumenn þurfi að lágmarki að vera 860. Auk þess sem áætlaður kostnaður við þá fjölgun og nauðsynlega búnaðarefningu var tiltekin. Í skýrslunni var sett fram eftirfarandi forgangsröðun um eflingu:

1. Forgangsatíði eitt er að fjölga almennum lögreglumönnum sem annast útköll og almennt lögreglu eftirlit og bæta nauðsynlegan búnað og þjálfun því tengdu. Fyrsta áhersla verði á að efla lögregluna utan höfuðborgarsvæðisins með áherslu á almenna löggæslu.
2. Forgangsatíði tvö er að styrkja sérhæfðar deildir lögreglunnar á öllum sviðum. Gert er ráð fyrir að fjölga í rannsóknardeildum, sérdeildum sem starfa á landsvísi og í landamæradeild lögreglustjórans Suðurnesjum.
3. Forgangsatíði þrjú er að bæta búnað lögreglu og þjálfun lögreglumanna. Gert er ráð fyrir að verja um 1,1 millj.kr. til þess á árunum 2014 til 2017. Komið verði á fastri skipan varðandi síþjálfun og búnaðarendurnýjun lögreglunnar.

Aukning fjárveitinga síðustu þrjú ár hefur að mestu tekið mið af liðum 1. og 3. og ljóst að í dag er brýnast að beina auknum fjárveitingum til liðar 2. Jafnframt er ljóst að enn vantar verulega fjölgun lögreglumanna og fjárveitingar sbr. liði 1. og 3. og langt er í land til að þau atíði geti talist fullnægjandi.

Lögreglan sætti miklum niðurskurði fjárveitinga á árunum eftir efnahagshrunið. Frá árinu 2007 til ársins 2013 fækkaði lögreglumönnum um 100 og mikill samdráttur varð í öðrum rekstri sem leiddi til

uppsafnaðs vanda, svo sem að endurnýjun ökutækja og búnaðar var slegið á frest. Nokkur viðsnúningur hefur orðið síðustu þrjú ár með auknum fjárveitingum, en ljóst er að lögreglan hefur ekki enn náð þeim styrk sem var fyrir 2008. Þá hefur verkefnaálag aukist mjög síðustu þrjú ár og lögreglan stendur frammi fyrir nýjum og vaxandi áskorunum. Gríðarleg aukning ferðamanna, fjölgun hælisleitenda og erlends vinnuafls eru þættir sem auka álag á lögreglunna. Fjöldi lögreglumanna í dag er um 660 þannig að enn vantar um 50 lögreglumenn til að ná sama fjölda og var árið 2007. Áætlaður kostnaður við að ná sama fjölda lögreglumanna og var 2007 nemur um 1 millj. kr. Til þess að ná þeim markmiðum sem sett voru um að lögreglumenn skyldu verða 860 vantar um 3 millj.kr. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til þessa í fjármálaáætluninni.

Í fjármálaáætluninni eru tiltekin ýmiss markmið, mælikvarðar og aðgerðir. Hins vegar fylgja ekki kostnaðartölur með einstökum atriðum. Staðan er sú að sum verkefna eru þegar fjármögnuð og í vinnslu. Á það við um þau kostnaðarminni. Stóru atriðin varðandi ásættanlegt þjónustu- og öryggisstig eru ekki fjármögnuð.

Allt frá árinu 2006 hefur ríkislögreglustjóri bent á þörf þess að fjölga þurfi lögreglumönnum. Þeir þurfi að lágmarki að vera 860. Lögreglumenn eru of fáir til þess að lögreglan geti sinnt þjónustu- og öryggishlutverki sínu með fullnægjandi hætti.

Öryggi lögreglumanna er ábótavant og slysa- og veikindatíðni er of há að mati yfirlæknis Vinnueftirlits ríkisins. Enn tíðkast að lögreglumenn eru einir að störfum og útkallsgeta lögreglunnar er of lítil. Ljóst er að álag á lögreglu er mikið. Fjöldi lögreglumanna sem hættir störfum umfram þá sem hætta vegna aldurs gerir það að verkum að erfitt er að manna stöður sem losna með menntuðum lögreglumönnum. Sú staða mun versna verulega næstu tvö ár eða þar til næstu lögreglumenn útskrifast úr lögreglunámi. Miðað við þann fjölda sem útskrifast og þess fjölda sem áætla má að skili sér til starfa í lögreglunni að námi loknu er ljóst að líklegt er að fjölgunin mun ekki halda í við þann fjölda sem fer á eftirlaun eða hættir í lögreglunni á sama tíma. Það geti því tekið nokkur ár að ná þeim áfanga á ný að lögregluliðið verði skipað full menntuðum lögreglumönnum. Gert er ráð fyrir því að á næstu fimm árum muni um 80 lögreglumenn fara á eftirlaun.

Takmarkaður fjöldi og fyrirséður skortur á lögreglumönnum, auk álags á lögreglumenn birtist m.a. í auknum langtímaveikindum, aukningu slysa og auknu brottfalli úr starfi frá 2008. Ef ekki kemur til stórfelld fjölgun lögreglumanna og fjárveitinga næstu árin stefnir í frekara óefni hjá lögreglunni.

Á fundi ríkislögreglustjóra með allsherjarnefnd þann 6. október 2015 lagði embættið fram minnisblað þar sem fram kom sú niðurstaða ríkislögreglustjóra að staða löggæslumála sé almennt óviðunandi. Viðbúnaðargeta lögreglunnar sé óásættanleg og henni er ekki fært að standa undir þjónustu- eða öryggisstigi í samræmi við lögbundið hlutverk. Lögreglumenn séu allt of fáir og verulega skortir á fjárveitingar til löggæslu. Það er niðurstaða ríkislögreglustjóra um stöðu löggæslumála í dag að þetta mat stendur óbreytt þótt staðan hafi lagast nokkuð.

Ríkislögreglustjóri, 27. apríl 2017.